




ÁRSRIT 2013

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar

Sími: 565 7373 • gkg@gkg.is

www.gkg.is





Fyrirtækjaþjónusta Símans fer með hlutverk í Þjóðleikhúsinu

Vertu með fyrirtækið
í **sterkara sambandi**

Láttu sérfræðinga okkar finna lausnina sem hentar þínu fyrirtæki.

Í Þjóðleikhúsinu vinnur fjöldi skapandi fólks við það að láta galdurinn ganga upp á hverju kvöldi. Eins og rúmlega 15.000 önnur íslensk fyrirtæki treystir það á fyrirtækjaþjónustu Símans.

Síminn býður fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum upp á bæði fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu. Starfsfólkið getur þannig einbeitt sér að sínu aðalhlutverki meðan Síminn sér um rekstur, viðhald og öryggi kerfanna.

Ágætu félagar í GKG

Þá er 20. starfsári GKG lokið. Þetta starfsár hefur gengið vel á flestum sviðum og gefur okkur tilefni til að horfa til framtíðar með tilhlökkun. Félagslega erum við á góðu róli, þó félagsaðstaðan sé alls ekki nægilega góð, en segja má að við höfum unnið þrekvirki á því sviði við mjög erfiðar aðstæður. Kannski höfum við sannað hið fornkeðna að „þröngt mega sátir sitja“. Ársskýrslan gefur góða mynd af því mikla starfi sem unnið er í GKG og vil ég færa öllu okkar góða starfsfólki bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Stjórnin hefur síðustu ár lagt höfuðáherslu á að bæta vellina og má fullyrða að nú séu þeir komnir í slíkt ástand að okkur er sómi að. Við munum að sjálfsögðu halda áfram þeirri vinnu því kannski má segja að alltaf sé hægt að gera vellina betri, og það er gaman að segja frá því, að margir kunnáttumenn í golfvallarfræðum telja Leirdalsvöllinn vera einn besta golfvöll á landinu í dag. Það var ákveðið fyrir nokkrum árum að við héldum upp á 20 ára afmæli GKG m.a. með því að halda Íslandsmótið í högguleik árið 2014. Við teljum nú að vallaraðstæður hjá okkur séu orðnar slíkar, að við getum haldið þetta stærsta golfmót ársins með sóma á næsta ári og bjóðum alla bestu kylfinga landsins velkomna til okkar. Það verður því nóg að gera hjá okkur í tengslum við mótið og heiti ég á alla okkar félagsmenn að leggjast á árnar með okkur að gera þetta mót eftirminnilegt og glæsilegt í alla staði. Auðvitað hefur stjórnin unnið að öllum framfaramálum sem snerta starfsemi klúbbsins, en trúlega hefur mestur tími farið í skipulags- og uppbyggingarmál. Þar hefur ýmislegt gengið okkur í mót og kannski finnst sumum sem ekkert hafi þokast hjá okkur í þessum málum og víst er að fátt er enn í hendi. Við þurfum enn að borga lóðarleigu upp á kr. 4 milljónir á ári og enn eru uppbyggingarmálin ekki komin í höfn. Ég vil þó leyfa mér að trúá því að afmælisárið muni færa okkur stóran áfanga í þeim málum og við getum gert okkur raunhæfar vonir um að bygging á nýrri félagsaðstöðu fyrir GKG hefjist á næsta hausti.



Guðmundur Oddsson
formaður GKG

EFNISYFIRLIT

- 5. Nýting valla
- 7. Stjórn og nefndir
- 8. Birgir Leifur
- 9. Skipting félagsmanna
- 10. Stjórnarstörf
- 12. Vinavellir
- 14. Kvinnanefnd
- 17. Íþróttasvið

- 18. Úrslit Meistaramóts 2013
- 20. Árangur kylfinga
- 23. Mótanefnd
- 26. Barna- og unglinganefnd
- 27. Vallarnefnd
- 28. Vallarstjóri
- 30. Trjáræktarnefnd
- 32. Aganefnd
- 32. Fjáröflunarnefnd

- 34. Áritun stjórnar
- 35. Áritun óháðs endurskoðanda
- 36. Rekstraryfirlit
- 37. Efnahagsreikningur
- 38. Sjóðsstreymi
- 40. Líflegur golfklúbbur (myndir)
- 42. Klúbbmeistarar 2013
- 42. Lokaorð



Agnar Már Jónsson
framkvæmdastjóri GKG
agnar@gkg.is


Ársrit GKG 2013
Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.
Ábyrgðarmaður: Agnar Már Jónsson.
Umbrot: Sigurður Hlökkversson.
Ljósmyndir: Agnar Már Jónsson og myndir frá félagsmönnum.
Prentun: Svansprent.
Sérstakar þakkir: Sigurður Hlökkversson.



Aftari röð frá vinstri: Jón K. Baldursson varamaður, Einar Gunnar Guðmundsson varamaður, Gunnar Jónsson meðstjórnandi, Kristinn Jörundsson gjaldkeri og Gunnar Páll Þórisson meðstjórnandi. Fremri röð frá vinstri: Símon Kristjánsson ritari, Ragnheiður Stephensen varamaður, Guðmundur Oddsson formaður, Áslaug Sigurðardóttir varaformaður og Bergþóra Sigmundsdóttir meðstjórnandi.




**LEIKNIR HRINGIR Á LEIRDALSVELLI
2010 - 2011 - 2012 - 2013**



	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Samtals
2010	2	4167	5673	5987	4696	2246	912	23.681
2011	2	3334	6418	7139	5839	3212	676	26.618
2012	505	5367	5875	6709	5051	2409	3230	28.641
2013	0	3172	5703	6958	5213	2535	1385	24.966

**LEIKNIR HRINGIR Á MÝRINNI
2010 - 2011 - 2012 - 2013**



	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Samtals
2010	4	3409	6429	7044	5885	3265	1384	27.416
2011	2	2023	7346	7194	7146	3925	471	28.105
2012	547	6129	6961	6981	5312	3179	1553	30.115
2013	0	3535	5769	6604	4954	2797	1586	25.245



NÝTT! HLEÐSLA MEÐ SÚKKULAÐIBRAGÐI

NÚ FÆST HLEÐSLA Í FERNU MEÐ SÚKKULAÐIBRAGÐI. HLEÐSLA ER KJÖRIN EFTIR HLAUP, GÓÐA ÆFINGU EÐA BARA Í DAGSINS ÖNN. HÚN ER GÓÐUR KOSTUR MILLI MÁLA OG ER RÍK AF PRÓTEINUM. HLEÐSLA Í FERNU HENTAR FLESTUM ÞEIM SEM HAFNA MJÓLKURSYKURSÓÐOL.



ELÍSABET MARGEIRSDÓTTIR
HLAUPARI OG NÆRINGARFRÆÐINGUR



HLEÐSLA 100%
ÍÞRÓTTADRYKKUR HÁGÆÐA
PRÓTEIN

Stjórn og nefndir 2013

FORMAÐUR

Guðmundur Oddsson

VARAFORMAÐUR

Áslaug Sigurðardóttir

GJALDKERI

Kristinn Jörundsson

RITARI

Símon Kristjánsson

MEÐSTJÓRNENDUR

Gunnar Jónsson

Gunnar Páll Þórisson

Bergþóra Sigmundsdóttir

VARAMENN

Ragnheiður Stephensen

Jón K. Baldursson

Einar Gunnar Guðmundsson

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Agnar Már Jónsson

SKRIFSTOFA

Guðrún Helgadóttir

VALLARSTJÓRI

Guðmundur Árni Gunnarsson

AÐSTOÐARVALLARSTJÓRI

Axel Rúnarsson

ÍPRÓTTASTJÓRI/PGA GOLFKENNARI

Úlfar Jónsson

AFREKSPJÁLFARI/PGA GOLFKENNARI

Derrick Moore

UNGLINGALEIÐBEINANDI

Hlynur Þór Haraldsson

AGA- OG DÓMARANEFND

Kjartan Bjarnason

FJÁRÖFLUNARNEFND

Einar Gunnar Guðmundsson

FORGJAFARNEFND

Kjartan Bjarnason

KVENNANEFND

Bergþóra Sigmundsdóttir

Sesselja Magnea Matthíasdóttir

Bryndís Hinriksdóttir

Sóley Stefánsdóttir

Hildur Pálmadóttir

Linda B. Pétursdóttir

Rósa Margrét Sigursteinsdóttir

KYNNINGARNEFND

Sigurður Hlökkversson

MÓTANEFND

Bergsveinn Þórarinnsson (landsdómari)

Björn Steinar Stefánsson

Einar Gunnar Guðmundsson

Einar Vignir Hansson

Guðjón Kolbeinsson

Gunnar Árnason

Hafþór Jónsson

Haukur Hermannsson

Heimir Jón Guðjónsson (héraðsdómari)

Hjalti Rúnar Sigurðsson (héraðsdómari)

Hlökkver Sigurgeir Guðnason

Jón K. Baldursson (héraðsdómari)

Jónína Pálsdóttir

Kjartan Bjarnason (alþjóðadómari)

Kolbrún Stefánsdóttir

Kristján Björgvinsson

Ólafur Arnar Kristjánsson

Ólöf Ásgeirsdóttir

Pétur Örn Guðmundsson

Rósa Margrét Sigursteinsdóttir

(héraðsdómari)

Sigurjón Sigurjónsson

Sverrir Helgi Jónsson

Sæmundur Melstað

(alþjóðadómari)

Þorgrímur Björnsson

(landsdómari)

NÝLIÐANEFND

Úlfar Jónsson

Derrick Moore

ÍPRÓTTANEFND

Gunnar Jónsson

VALLARNEFND

Símon Kristjánsson

Andrés Guðmundsson

Guðmundur Árni Gunnarsson

Einar Gestur Jónasson

Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir

Ottó Sigurðsson

Eðvald Geirsson

TRJÁRÆKTARNEFND

Gunnlaugur Sigurðsson

Eðvald Geirsson

Gísli Guðbjartsson

Guðmundur Ólafsson

Ingólfur Hansen

Ólafur Nilsson

LAGANEFND

Gunnar Jónsson

KJÖRNEFND

Steinar J. Lúðvíksson

SKEMMTINEFND

Sigurður Hlökkversson

Lórenz Þorgeirsson

www.optima.is

Skrifstofutæki
fyrir öll fyrirtæki

Hafðu samband
S. 588 9000
Fáðu tilboð
í rekstursamning
OG ÞÚ
SPARAR!

RICOH

Mikið úrval ljósritunarvélum,
prenturum og skönnum
fyrir stór sem smá fyrirtæki.



Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við
getum gert fyrir þig

S T O F N A Ð 1 9 5 3
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa



Birgir Leifur - Íslandsmeistari í höggleik – nýtt vallarmet á Leirdalsvelli.




Það er óumdeilt að Birgir Leifur Hafþórsson er í dag okkar fremsti kylfingur. Árið 2009 missti hann keppnisrétt sinn á Evrópumótaröðinni vegna meiðsla í baki. Jafnt og þétt vann hann sig út úr þeim vandamálum og var árið 2013 hið glæsilegasta hjá Birgi Leifi.

Birgir hóf tímabílið í febrúar þar sem hann tók þátt í eGolf mótaröðinni í Bandaríkjunum. Náði hann meðal annars fjórða sæti á Oldfield Open og komst hann í gegnum niðurskurðinn á öllum mótunum. Í sumar keppti hann svo á Challenge mótaröðinni í Evrópu, átti tvö glæsileg mót í júní þar sem hann spilaði annars vegar á -7 á Fred Olsen Challenge de España og endaði í 29. sæti

og hins vegar spilaði hann á -8 á Czech Challenge Open og endaði þar í 30. sæti. Birgir Leifur tók svo þátt í Íslandsmótinu í höggleik á Korpúlfsstöðum og sigraði það með eftirminnilegum hætti. Hann tók jafnframt þátt í Síamóti Eimskipamótaraðarinnar sem haldið var á Leirdalsvellingum og setti nýtt glæsilegt vallarmet þegar hann spilaði völlinn á 64 höggum af hvítum teigum.

Birgir Leifur fór í úrtökumót á Evrópu- og Web.com mótaröðina í Bandaríkjunum. Með glæsilegri spilamennsku komst hann í gegnum fyrsta stig mótaraðanna og litlu munaði að hann kæmist áfram á lokastigin.

Ljóst er að Birgir Leifur er kominn á réttu brautina eftir meiðslin og gaman verður að sjá hann fylgja eftir framangreindum árangri á næsta ári.





Stjórnarstörf

Eftir síðasta aðalfund, sem haldinn var 29. nóv. 2012, var stjórn GKG svona skipuð:

Guðmundur Oddsson, formaður, Áslaug Sigurðardóttir, varaformaður, Kristinn Jörundsson, gjaldkeri, Símon Kristjánsson, ritari, Gunnar Jónsson, meðstjórnandi, Bergþóra Sigmundsdóttir, meðstjórnandi, Gunnar Páll Þórisson, meðstjórnandi, Ragnheiður Stephensen, varamaður, Einar Gunnar Guðmundsson, varamaður og Jón K. Baldursson varamaður.

Stjórnin hélt 9 bókaðafundi auk félagsfundar og fjölda annarra funda þar sem einstakir stjórnarmenn funduðu með hinum ýmsu aðilum þar sem reynt var að þoka fram hagsmunamálum GKG. Flestir þessara funda voru við stjórnendur Kópavogs og Garðabæjar, einkum vegna fjármála og framkvæmda. Eins og menn muna fór svæðið í kringum núverandi skála í nýtt deiliskipulag og var það samþykkt, þar sem gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir nýjan skála. Þá hefur stjórnin haldið fundi með Helga Má Halldórssyni arkitekt, en hann hefur kynnt sér skálamál hjá ýmsum golfklúbbum á höfuðborgarsvæðinu. Helgi er félagi í GKG og hefur lagt á sig mikla vinnu fyrir klúbbinn til að gera okkur betur undirbúna að takast á við byggingu á nýjum skála fyrir GKG. Þó mikill tími hafi farið í fundahöld við sveitarfélögin þá eru störf stjórnar mörg önnur og hefur stjórnin reynt að halda vel utan um fjármálin, en það er okkur afar mikilvægt að þau séu í góðu

lagi. Þá er okkur mikilvægt að afreks- og unglingastarf sé í góðu lagi og vitaskuld reynum við að fylgjast vel með þeim þáttum.

Samskipti við sveitarfélögin

Eins og allir vita verður golfklúbburinn okkar 20 ára 24. mars á næsta ári. Hvort sem okkur líkar eður ei hefur þessi tímamunktur verið mikill viðmiðunarpunktur í hugum margra sem ráða miklu um uppbyggingu á starfsemi GKG. Þó við höfum haft í förum okkar viljayfirlýsingu frá bæjarstjórum Kópavogs og Garðabæjar frá árinu 2006, þar sem segir að bæjarfélögin muni standa þétt við bakið á okkur í þeim uppbyggingaráformum sem framundan væru, hafa engar byggingar risið enn. Ég nenni ekki að velta fyrir mér öllu því andstreymi sem við höfum mætt, en meðgöngutíminn er orðinn allt of langur. Það væri vitaskuld rangt að halda því fram að GKG hafi ekki fengið stuðning frá sveitarfélögunum, því hann hefur farið vaxandi hin síðari ár og er full ástæða til að þakka fyrir það. Á þeim 8 árum sem ég hef verið formaður GKG hef ég setið ótrúlega marga fundi og skrifað ótal bréf til sveitarfélaganna um okkar mál en það er með ólíkindum hve litlu það hefur skilað. Eins og flestir vita hefur bæjarstjórn Garðabæjar breytt skipulaginu í grennd við núverandi golfskála GKG, þar sem gert er ráð fyrir byggingu nýs skála fyrir GKG. Okkur hefur hins vegar ekki enn verið formlega úthlutað lóðinni. Snemma á þessu ári komu hugmyndir frá ráðamönnum í Kópavogi



um að skoða hvort hægt væri að finna stað fyrir skálabyggingu á 4. brautinni í Leirdal. Stjórnin fjallaði oft um þennan möguleika og Helgi Halldórsson skoðaði ýmsar útfærslur á þessari staðsetningu. Þetta útspil Kópavogs setti málið í nýjan farveg en þrengsli koma í veg fyrir að þetta sé raunhæfur kostur. Við leituðum eftir því við Kópavog hvort þeir gætu úthlutað okkur lóð í hveli, sem leysti okkar mál, en þegar á reyndi var slíkt ekki mögulegt því það þyrfti að fara í breytingar á skipulagi og þar með í grenndarkynningu sem tæki einhvern tíma og myndi seinka öllum okkar byggingaráformum. Á síðustu fundum með bæjarstjórum Kópavogs og Garðabæjar höfum við lagt áherslur á eftirfarandi:

- Íslandsmótið í högguleik verður haldið á Leirdalsvelli sumarið 2014 og við höfum gert ráð fyrir kostnaði upp á ca 10 – 11 milljónir vegna þess. Við óskum eftir að sveitarfélögin styrki klúbbinn.
- Hönnun á nýjum skála fyrir klúbbinn verður að fara í gang á næsta ári og óskum við eftir stuðningi frá sveitarfélögum.
- Þá sögðum við bæjarstjórunum að klúbburinn yrði 20 ára hinn 24. mars n.k. og við vildum að sveitarfélögin skrifuðu undir byggingasamning við GKG þann dag um byggingu á golfskála, sem yrði ca 500 fermetrar að grunnfleti og á tveimur hæðum, en við áætluðum byggingakostnað um 500 milljónir. Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð frá báðum sveitarfélögum og við þessum óskum okkar og ég vil leyfa mér að vona að bygging á nýrri

félagsaðstöðu fyrir GKG verði hafin fyrir aðalfundinn haustið 2014.

Starfsmannamál

Starfsmannamál hjá GKG eru í góðum gir og helst okkur vel á fólki. Einar Gestur, aðstoðarvallerstjóri, hætti störfum og var Axel Rúnarsson ráðinn í hans stað. Þá var Valgeir Tómasson ráðinn sem aðstoðarmaður framkvæmdastjóra í sumar en hann er okkur að góðu kunnur sem starfsmaður GKG til margra ára. Flestir starfsmenn í golfverslun og vallargæslu voru hinir sömu og áður nema einn nýr vallarvörður kom til starfa. Veitingar voru undir stjórn Sigurðar Ingasonar sem fyrr og mun hann verða áfram næsta starfsár. GKG er stór vinnustaður yfir sumarmánuðina og starfsmenn urðu flestir 76 á völlum í sumar.

Fjármálin

Þó ekki verði á þessum stað rætt mikið um fjármál klúbbsins þá er nauðsynlegt að koma aðeins að þeim málum. Rekstur klúbbsins gekk mjög vel á þessu starfsári og skilaði einhverjum milljónum í tekjuafgang. Góðir félagar, rétt er að benda á að þessi tekjuafgangur hefur allur verið notaður til nýrra fjárfestinga á völlum. Félagsgjöld í ár eru um 4% hærri en í fyrra, samdráttur var í vallargjöldum og boltasölu. Hins vegar var veruleg aukning í fyrirtækjastyrkjum og tekjum af mótum, en mótin voru þó ekki fleiri en árið á undan.



Launaliðir hækkðu um 8% milli ára og framkvæmdir jukust um 30%. Við fengum 29 milljónir í styrki frá sveitarfélagunum til framkvæmda og vegna íþrótt- og tómstundamála. Kópavogur styrkti okkur um 16 milljónir og Garðabær um 13.

Vinavellir

Á þessu starfsári hafa félagar í GKG getað farið á 5 svokallaða vinavelli. Vellirnir voru á Hellu, Keflavík, Akranesi, Borgarnesi og Selfossi. Á þessu ári þurfti GKG að greiða um 2 milljónir króna vegna þessa, sem er svipuð krónutala og árið á undan. Ekki hefur verið tekin ákvörðun fyrir næsta sumar, en gera má ráð fyrir því að sömu vellir verði áfram í boði fyrir félagi GKG því áhugi virðist mæla með því að halda þessu samstarfi áfram. Á þessu starfsári voru spilaðir 1881 hringir á vinavöllum, en Selfossvöllur kom nýr inn. Skipting á vellina var sem hér segir: Hella 580 (662), Borgarnes 530 (741), Akranes 295 (381), Keflavík 263 (298) og Selfoss 213 samtals 1881 (2082) hringir. Þessum vinavallahringjum hefur fækkað um rúma 600 á síðustu tveimur árum.

Glæsileg afrek

Klúbbmeistarar GKG í meistaraflokki karla og kvenna árið 2012 urðu þau Ragna Björk Ólafsdóttir og Alfreð Brynjar Kristinsson. Margir kylfingar úr GKG náðu glæsilegum árangri á árinu. Hæst ber árangur Birgis Leifs Hafþórssonar sem varð Íslandsmeistari í högggleik árið 2013. Auk þess hefur Birgir Leifur verið að standa sig vel á hinum ýmsu mótum erlendis, en hann er án alls vafa besti

kylfingur Íslands í dag. GKG varð Íslandsmeistari í 1. deild kvenna í sveitakeppni GSÍ í fyrsta sinn. Með sigrinum tryggði sveitin sér þátttökurétt á EM klúbbaliða sem haldið var í Búlgaríu í haust en sveitin náði þar 8. sæti sem er glæsilegur árangur. Gunnhildur Kristjánsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir og Ragna Björk Ólafsdóttir léku fyrir GKG. Sigur kvennasveitarinnar á Íslandsmótinu hafði talsverðan eftirmála, þar sem sveit Keilis sýndi ótrúlegan dónaskap við verðlaunaafhendinguna enda hefur stjórn Keilis og kvennasveit þeirra sent stelpunum okkar og stjórn GKG afsökunarbréf vegna málsins. Karlasveitin varð í öðru sæti 1. deild eftir að hafa tapað fyrir Keili í hreinum úrslitaleik. Þá urðu þau Aron Snær Júlíusson og Gunnhildur Kristjánsdóttir stigameistarar í sínum aldursflokki og þau voru síðan útnefnd efnilegust úr hópi pílta og stúlkna af Afreksnefnd GSÍ. GKG er með öflugasta barna- og unglingsstarfið á landinu. Í klúbbnum eru fjölmargir mjög efnilegir unglingar sem munu halda merki klúbbsins hátt á lofti næstu árin. Það hefur verið markviss stefna okkar að gefa okkar unga fólki kost á auknum æfingum og betri aðstæðum til golfiðkunnar. Þetta starf er nú að skila okkur miklum árangri á landsvísi og GKG á mikinn fjölda mjög efnilegra unglinga sem stöðugt eru að bæta sig og eru nú þegar komnir í hóp þeirra allra bestu á landinu. Við eigum að halda afrekum okkar fólks hátt á lofti og nýta okkur þennan góða árangur til frekari framdráttar. Það eflir allt okkar starf og hvetur okkur til frekari dáða. Þjálfarar okkar með þá Úlfar Jónsson, Derrick Moore og Hlyn Þór Haraldsson fremsta í flokki hafa unnið frábært starf fyrir GKG og er full ástæða til að þakka þeim fyrir vel unnin störf á árinu.

ÚTSÖLU- MARKAÐUR

INTERSPORT

MÍÐHRAUNI 2 GARÐABÆ

GOLFVÖRUR 25-50% AFSLÁTTUR





Skýrsla kvennanefndar fyrir árið 2013

Kvennanefnd GKG 2013 skipuðu Bergþóra Sigmundsdóttir, Sesselja Magnea Matthíasdóttir, Bryndís Hinriksdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Hildur Pálmadóttir, Linda Pétursdóttir og Rósa Margrét Sigursteinsdóttir.

GKGkonur voru með fasta tíma í Kórnum sl. vetur á þriðjudagskvöldum. Haldið var þúttmót og var krýndur þúttmeistari. Sigmundur Einar Músson kom og sýndi okkur góðar teygjuæfingar sem nýttust vel í sumar. Einnig kom Guðjón Henning Hilmarsson til okkar í nokkur skipti og setti uppskemmtilegar æfingar og leiðbeindi okkur. Þá var Hlynur Þór Haraldsson, PGA golfkennari, með golfnámskeið fyrir konur í GKG.

Rauðvínsvöldið var haldið föstudaginn 10. maí 2013. Um 50 konur mættu og skemmtu sér fram eftir kvöldi, m.a. komu Halldór Pálsson úr Fjallabráðrum og Sverrir Bergmann söngvari og héldu uppi miklu fjöri fram eftir kvöldi.

Í sumar voru fastir golf tímar á þriðjudögum í Mýrinni. Ræsar GKG sáu um að ræsa út og þökkum við í nefndinni starfsfólki GKG fyrir veitta aðstoð við ræsingur, innritun og eftirlit með þriðjudagstímum í sumar.

Fyrsta mótið var svo 28. maí og mættu 67 konur til leiks og spiluðu 9 holur í Mýrinni.

Vinkvennamót GKG- og GOKvenna var í júní og skiluðu 94 konur korti fyrri daginn í roki og rigningu. Seinni daginn spiluðu 137 konur í skárra veðri. Úrslit urðu þau að GKGkonur unnu mótið þriðja árið í röð.

Opið Sólstöðumót kvenna var haldið föstudagskvöldið 21. júní og mættu 67 konur til leiks og nutu kvöldsins. Vegleg verðlaun voru að vanda og var skipt í tvo flokka eftir forgjöf. Veitt voru verðlaun fyrir efstu sæti í hvorum flokki auk ýmissa annarra verðlauna.

Innanfélagsmót var haldið 23. júlí og mættu 59 konur og spiluðu 18 holu punktamót í Leirdalnum.

Miðvikudaginn 7. ágúst var farið í óvissuferð. Var farið til Golfklúbbs Grindavíkur. Leikið var á Húsatóftavelli og náðu allar inn fyrir stórrigningu úr suðaustri en 42 GKGkonur mættu í ferðina og nutu frábærra veitinga hjá GG í lok dags.

Hatta- og kjólamótið var svo 27. ágúst og voru spilaðar níu holur í Mýrinni. 43 GKGkonur mættu og nutu félagsskaparins og golfsins. Leikið var með eina kylfu og púttar. Mikil og hörð keppni var um flottasta hattinn og best klæddu konuna. Verðlaunin voru sérhönnuð fyrir okkur og vöktu mikla athygli.

Lokamót GKGkvenna var svo sunnudaginn 8. september 2013.

Leiknar voru 18 holur og leikfyrirkomulagið var punktakeppni. 43 konur mættu til leiks. Í mótslok borðuðu tæplega 50 GKGkonur saman góðan kvöldmat og nutu tónlistar Eypórs Inga. Þá voru veitt að venju verðlaun fyrir flesta punkta (reiknað út frá fimm 9 holu hringjum) í mótum á vegum kvennanefndarinnar sumarið 2013. Lokahófið er opið öllum konum í GKG hvort sem þær taka þátt í lokamótinu eða ekki.

Veðrið virðist hafa haft nokkur áhrif á þátttöku GKGkvenna í félagsstarfinu í sumar en þrátt fyrir leiðindaveður var þátttakan góð og fögnum við því í nefndinni. Við þurfum að ná enn betur til nýliðanna og bjóða þær velkomnar í starfið.

Nokkur fyrirtæki hafa stutt við bakið á kvennanefndinni þetta sumar og þökkum við þeim öllum fyrir frábæran stuðning. Þá hefur klúbburinn og starfsfólk GKG verið okkur innan handar og þökkum við þeim kærlega fyrir aðstoðina.

Að lokum vill undirrituð þakka samnefndarkonum fyrir gott sumar og velunnin störf.

Bergþóra Sigmundsdóttir.



6 KRÓNUR Á ÞINNI STÖÐ

Með GKG-dælulykli Atlantsolíu fá félagsmenn
6 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins.

Á afmælisdegi dælulykilshafa veitir dælulykill 15 kr. afslátt.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.gkg.is



VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA



Skýrsla íþróttasviðs GKG vegna 2013

Markmið barna- og unglíngastarfs GKG:

Megintilgangur barna- og unglíngastarfs GKG er að halda utan um og efla unglíngastarf klúbbsins. Í samræmi við það eru meginmarkmið þessi:

- Að veita unglíngum í GKG, afreksmönnum jafnt og þeim sem skemmdir eru á veg komnir, aðbúnað og atlæti sem jafnast á við það sem best gerist hjá öðrum golfklúbbum.
- Að styðja eftir föngum við bakið á íþróttastjóra og þjálfurum í því skyni að þeir megi ná sínum markmiðum.
- Að efla samstöðu unglínganna og félagsanda.
- Að efla samstöðu foreldra unglínganna og fá fleiri til þátttöku í því að búa unglíngunum gott atlæti við ástundun íþróttarinnar.
- Að leita ráða til þess að fjölga stúlkum sem leika golf.
- Að tryggja öflugt upplýsingaflæði til foreldra og barna í því skyni að auka þátttöku þeirra enn.
- Að fjölga keppendum frá GKG á unglíngamótum GSÍ og unglíngamótaröð GKG.

Þjálfarar og leiðbeinendur:

Á vetraræfingum störfuðu aðal þjálfarar okkar, þeir Derrick Moore og Hlynur Þór Haraldsson, en þeir eru báðir PGA menntaðir. Þeim til aðstoðar var Haukur Már Ólafsson PGA golfkennaranemi. Á sumaræfingum bættust við Guðjón Henning Hilmarsson, Ingunn Gunnarsdóttir, Ragna Björk Ólafsdóttir og Tómas Sigurðsson. Á vikulegum golfleikjanámskeiðum GKG, sem opin eru öllum börnum 5-12 ára, störfuðu alls 18 afrekskyllingar úr röðum félagsins, en Guðbjartur Gunnarsson var verkstjóri á námskeiðunum. Fjöldi þjálfara og leiðbeinenda var alls 26.

GKG státar af lang fjölmennasta barna og unglíngastarfi klúbba landsins. Því yrði ekki haldið úti án þess að hafa breiðan hóp samviskusamra og góðra leiðbeinenda. Hæfir þjálfarar og leiðbeinendur og öflugt foreldrastarf, stuðningur stjórnar og félagsmanna, allt skiptir þetta miklu máli til að halda úti sterku barna- og unglíngastarfi. Fyrir það ber að þakka sérstaklega. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda iðkenda 15 ára og yngri í 10 fjölmennustu golfklúbbunum:

		15 ára og yngri	Mism. 2013 og 2012
1	GKG	338	5%
2	Golfklúbbur Reykjavíkur	135	-32%
3	Golfklúbbur Akureyrar	115	2%
4	Golfklúbburinn Keilir	110	-5%
5	Golfklúbburinn Kjölur	81	19%
6	Golfklúbbur Vestmannaeyja	74	-26%
7	Golfklúbbur Selfoss	42	-26%
8	Golfklúbburinn Leynir	38	-43%
9	Golfklúbbur Suðurnesja	37	-8%
10	Golfklúbburinn Flúðir	32	-6%

Eins og sést á töflunni þá eru næstum jafn margir iðkendur 15 ára og yngri í GKG og samanlagt í þremur næst stærstu klúbbunum á eftir. Það er hinsvegar áhyggjuefni fyrir golfið og golfhreyfinguna að á landinu fækkar í þessum hópi kyllinga. Öflugt barna- og unglíngastarf er forsenda endurnýjunar í íþróttinni og heilbrigðs reksturs í framtíðinni.

Barna- og unglíngastarf

Eins og taflan sýnir þá voru félagsmenn 15 ára og yngri 338 talsins, eða 17% af félagsmönnum GKG. Alls voru 238 skráðir á sumaræfingar

en 252 sumarið áður (6% fækkun). Þetta var í fyrsta sinn sem fækkun er milli ára en eflaust hefur veðráttan í sumar haft þar eitthvað að segja. Iðkendafjöldinn hefur þó nær tvöfaldast frá árinu 2008. Golfleikjanámskeið GKG hafa verið mjög vinsæl undanfarin ár og þetta sumar var engin undantekning. Á þeim 7 vikum sem námskeiðin voru haldin sóttu tæplega 450 krakkar sér handleiðslu um fyrstu skref í íþróttinni undir stjórn leiðbeinenda sem koma úr röðum afreksunglinga klúbbsins. Á undanförunum árum höfum við lagt sérstaka áherslu á að fjölga stúlkum og hefur miðað ágætlega í þeim efnum, en fjöldinn hefur u.þ.b. tvöfaldast frá 2008. Hlutföllin eru þó nánast þau sömu og áður, og eru stúlkur um 20% iðkenda 15 ára og yngri. Við hvetjum félagsmenn til þess að bjóða dætrum, barnabörnum og frænkum með á völlinn eða á Kórinn í vetur og kynna íþróttina fyrir þeim. Það hefur sýnst sig að stúlkur þurfa ríkari stuðning aðstandenda til að öðlast meira sjálfstraust til að spila á vellinum en strákar.

Keppnir barna- og unglínganna

Við leggjum áherslu á að krakkarnir geti nálgast þessa íþrótt á sínum forsendum. Sumir vilja mæta á æfingar og stunda þegar þeim hentar, meðan aðrir hafa brennandi áhuga og metnað til að ná langt. Við bjóðum uppá umgjörð sem sinnir hvoru tveggja. Við hvetjum krakkana til þátttöku í keppnum en gætum þess að þau fái verkefni við hæfi. Líkt og undanfarin ár vorum við með tvær mótaröðir, Mixmótaröðina og V-Sport unglíngamótaröðina. Í ár tók 71 barn þátt í Mixmótaröðinni, sem er ætluð þeim börnum 12 ára og yngri sem eru að stíga fyrstu skrefin í keppni. Leikið er í Mýrinni. Mixmótaröðin er mikilvægur vettvangur fyrir krakkana að taka fyrstu skrefin í keppni þar sem löggö er áhersla á afslappað andrúmsloft og að þau njóti sín að spila í góðum félagskap. Á þessum vettvangi læra þau að fara eftir helstu reglum, halda skor o.s.frv. Um 80 keppendur tóku þátt í V-Sport unglíngamótaröðinni, sem leikin er á Leirdalsvelli, en um er að ræða sex 18 holu mót yfir sumarið.

Þegar krakkarnir hafa tekið þátt í Unglíngamótaröðinni nokkrum sinnum þá beinum við þeim í Áskorendamótaröð GSÍ, sem eru 18 holu mót, og loks Íslandsbankamótaröðina, sem er 36-54 holu mót leikin á tveimur til þremur dögum og eru ætluð forgjafarlægstu börnunum og unglíngunum. Þó svo GKG státi af lang fjölmennasta barna- og unglíngastarfinu þá eigum við ekki flesta þátttakendur á mótaröðunum en markmið okkar hefur verið og verður áfram að fjölga keppendum þar.

Afreksstarf

Árangur okkar fremstu kyllinga var býsna góður á tímabilinu og stendur Íslandsmeistaratitill A sveitar kvenna í Sveitakeppni GSÍ uppúr. Þetta var fyrsti sigur kvennasveitarinnar í þessari keppni og með sigrinum öðluðust þær þátttökurétt í Evrópumóti klúbblíða sem haldin var í Búlgaríu. Þar stóðu stúlkurnar sig mjög vel og höfnuðu í 8. sæti af 15 klúbbum frá jafn mörgum þjóðum.

Sigur Birgis Leifs Hafþórssonar í Íslandsmótinu í högggleik var hans fimmti á ferlinum. Á mótinu sýndi hann ótvírætt að hann er enn lang besti kyllingur landsins, þó margir yngri kyllingar hafi bætt sig verulega og geri sig líklega til að þjarma að honum. Birgir Leifur tryggði sér þátttökurétt á 2. stig úrtökumóta fyrir evrópsku og Web.com mótaröð Bandaríkjanna. Því miður vantaði honum einungis tvö högg til komast á lokastig evrópsku mótaröðarinnar en þegar þetta er skrifað hefur 2. stig úrtökumóts Web.com mótaröðar ekki farið fram.

Meistaraflokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Alfreð Brynjar Kristinsson	76	70	75	72	293
Aron Snær Júlíusson	75	70	79	69	293
Sigmundur Einar Másson	72	78	75	74	299
1. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Davíð Ómar Sigurbergsson	89	74	88	76	327
Andrés I Guðmundsson	91	78	83	80	332
Pétur Örn Sigurbjörnsson	85	88	78	82	333
2. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Björn Leví Valgeirsson	87	82	84	78	331
Arnar Smári Ragnarsson	85	87	84	86	342
Vignir Þ Hlöðversson	89	79	87	88	343
3. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jóhann Örn Sveinbjörnsson	89	90	90	89	358
Örn Jónsson	94	85	91	90	360
Úlfar Andri Jónasson	86	93	88	96	363
4. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Gunnar Blöndahl Guðmundsson	95	101	97		293
Jón Hörðdal Jónasson	96	105	96		297
Elvar Logi Rafnsson	100	102	97		299
5. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Óttar Leví Arnarsson	103	113	97		313
Guðmundur G Guðbjörnsson	104	110	113		327
Jóhann Þorvarðarson	114	105	110		329
Meistaraflokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ragna Björk Ólafsdóttir	78	79	82	79	318
Ingunn Gunnarsdóttir	84	79	79	83	325
Gunnhildur Kristjánsdóttir	82	84	81	84	331
1. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Linda Arilíusdóttir	103	94	96	92	385
Baldvina Guðrún Snælaugsdóttir	106	91	101	95	393
Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir	99	101	98	96	394
2. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Áslaug Sigurðardóttir	97	96	100	108	401
Ragnheiður Stephensen	97	100	107	99	403
Birna B Aspar	103	95	100	107	405
3. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kristín Þórisdóttir	105	104	105		314
Sólveig Hauksdóttir	107	118	109		334
Sesselja M Matthíasdóttir	113	120	104		337
4. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Blædis Dögg Guðjónsdóttir	116	117	109		342
Sigrún Ingileif Hjaltalín	121	123	116		360
Guðrún Björg Guðmundsdóttir	116	127	130		373
Drengir 15–16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ásbjörn Freyr Jónsson	80	84	78		242
Sigurjón Guðmundsson	82	81	79		242
Daði Valgeir Jakobsson	82	84	81		247
Strákar 13–14 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Bragi Aðalsteinsson	72	73	71		216
Ingi Rúnar Birgisson	79	72	77		228
Magnús Friðrik Helgason	81	78	75		234
Telpur 15–16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Freydís Eiríksdóttir	90	93	89		272
Elísabet Ágústsdóttir	92	95	90		277
Ásthildur Lilja Stefánsdóttir	103	94	101		298
Stelpur 13–14 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Iðunn Jóhannsdóttir	100	112	98		310
Aníta Lórenzdóttir	118	109	111		338
Margrét Einarsdóttir	112	119	113		344
Öldungar karla 0–20,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Guðlaugur Kristjánsson	79	83	83		245
Tómas Jónsson	88	87	87		262
Sighvatur Dýri Guðmundsson	89	90	86		265
Öldungar karla 21–36	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kristján Þór Gunnarsson	105	109	100		314
Brynjar Björnsson	111	98	107		316
Atli Ágústsson	103	111	106		320
Öldungar konur 0–24,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Bergljót Kristinsdóttir	92	88	97		277
Sigríður Olgeirsdóttir	96	91	99		286
Hanna Bára Guðjónsdóttir	102	101	100		303
Öldungar konur 25–40	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Soffía Ákadóttir	110	126	113		349
Fríður Guðmundsdóttir	123	132	113		368
Kristín Árnadóttir	130	124	129		383
Öldungar karla 70 ára +	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Sverrir Guðmundsson	85	94	86		265
Guðmundur Oddsson	97	98	93		288
Ingólfur Hansen	97	96	100		293
Öldungar konur 65 ára +	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Konný Hansen	104	104	99		307
Ágústa Guðmundsdóttir	106	121	109		336



Ragnar Már Garðarsson fylgdi eftir frábæru gengi 2012 og tryggði sér sæti í karlalandsliðinu sem keppti á EM Challenge Trophy í Tékklandi. Þar endaði liðið í 2. sæti og mun því leika á næsta ári í Finnlandi á EM landsliða. Aron Snær Júlíusson og Gunnhildur Kristjánsdóttir voru sigursæl á árinu og tryggðu sér stigameistaratilinn sem og viðurkenninguna Efnilegustu kylfingar af Afreksnefnd GSÍ. Aðrir sigurvegarar á Íslandsbankamótaröð GSÍ voru Óðinn Þór Ríkharðsson og Særós Eva Óskarsdóttir sem sigruðu bæði tvisvar, og Egill Ragnar Gunnarsson og Bragi Aðalsteinsson sem sigruðu einu sinni.

Klúbbmeistarar GKG árið 2013 í Meistaraflokkum voru þau Alfreð Brynjar Kristinsson og Ragna Björk Ólafsdóttir. Var þetta annar sigur beggja í Meistaramóti GKG.

María Guðnadóttir, Bergljót Kristinsdóttir og Gunnar Árnason náðu landsliðssætum á árinu og kepptu á Evrópumótum í Slóveníu og Grikklandi.

Alls voru 11 kylfingar úr GKG valdir í Afrekshóp GSÍ og hafa aldrei verið jafn margir kylfingar okkar í þeim hópi.

Eitt af markmiðum afreksstarfsins er að skipuleggja æfingaferð á vorin til Spánar fyrir þau sem skipa Keppnis- og afrekshópa GKG. Þessar ferðir hafa ávallt verið vel heppnaðar og eru krökkunum mikil hvatning á vetraræfingunum. Krakkarnir safna sjálfir fyrir ferðakostnaði en þjálfarar GKG sjá um æfingaskipulag þá sjö daga sem ferðin stendur yfir.

Nánari upplýsingar um árangur GKG á árinu er að finna í viðauka neðst í þessari skýrslu undir fyrirsögninni Yfirlit um árangur GKG 2013 á mótariðum GSÍ og LEK.

Æfingaaðstaða

Helstu æfingasvæði okkar eru grassvæðin meðfram Vífilsstaðavegi

og handan Vetrarbrautar. Litli völlurinn meðfram Vífilsstaðavegi nýtist mjög vel fyrir gólfleikjanámskeiðin en einnig eru félagsmenn duglegir að æfa stuttu högginn þar. Við fengum frábæra og jafnframt nauðsynlega viðbót við æfingaaðstöðuna þegar breyting var gerð á skipulagi 8. brautarinnar í Mýrinni og gamla flötin tekin undir æfingar fyrir þútt og stutt vipp, en ný flöt byggð fyrir völlinn. Það verður að taka skýrt fram að það skiptir gríðarlega miklu máli að ganga vel um æfingasvæðin og að fólk fari eftir reglum um umgengni. Grassvæðin, ekki síst æfingaflatirnar, eru mjög viðkvæm og þau eru ekki hugsuð fyrir há innáhögg sem skilja eftir boltaför.

Kórinn hefur nýst okkur afar vel fyrir vetraræfingarnar og höfum við lagt metnað í að bæta aðstöðuna þar. Aðstaðan nýtist einnig hinum almenna kylfingi í GKG og viljum við hvetja félagsmenn til að nýta sér hana vel og koma þannig vel undirbúnir til leiks næsta vor. Á heimasíðu GKG eru upplýsingar um hvenær opið er.

Nýliðar

Nýliðanámskeið voru haldin í vor fyrir nýja félagi sem teljast byrjendur, þ.e. hafa enga forgjöf og hafa ekki sótt nýliðanámskeið annars staðar. Markmið nýliðanámskeiðanna er að taka vel á móti nýjum félögum, kynna fyrir þeim helstu starfsemi klúbbsins og veita þeim grunnkennslu hvað varðar tækni og leikinn sjálfan. Alls fóru um 40 nýliðar í gegnum fræðslunámskeiðið sem er byggt upp á eftirfarandi hátt: Kynning á starfsemi og starfsfólki félagsins. Verklegr þjálfun í stutta spilinunni og sveiflu. Spilkennsla þar sem nemendur fylgjast með kennurum leika 3 brautir í Mýrinni. Farið er yfir helstu golf- og síðareglur meðan á spilkennslu stendur. Nemendur fengu einnig fræðslu um hvernig á að fylla út og nota skorkortið, fá forgjöf og hvernig á að skrá sig á rástíma á golf.is, ofl. Að auki var bóklegt nám í golfreglum. Alls var nýliðafræðslan 6 klst og fengu þátttakendur möppu með ýmsum handhægum upplýsingum og kennsluefni. Kennarar á námskeiðinu voru undirritaður, Derrick og Hlynur, auk Kjartans Bjarnasonar, yfirdómara GKG, en hann sá um bóklega tímarn í golfreglum.

Að lokum

Vetraræfingar hefjast á ný í nóvember með barna-, unglinga- og afrekshópum sem stunda æfingar í Kórnum. Veturinn er mikilvægur fyrir iðkendur, en á þeim tíma gefst mesta tækifærið til að bæta golfæknina og líkamlega formið. Viljum við hvetja GKG félagi til að vera duglegir við að æfa golfsveifluna og stutta spilið í vetur og nýta til þess aðstoðuna sem er í boði í Kórnum.

Á næsta ári, 20 ára afmælisári GKG, fer Íslandsmótið í högggleik fram á Leirdalsvelli. Íslandsmótið er stærsti golfviðburður ár hvert og því mikilvægt að vel takist til við að halda mótið. Mikill metnaður er hjá starfs- og nefndarmönnum að gera mótið sem glæsilegast og veglegast. Ljóst er til að svo megi verða, þá þarf mikinn fjölda sjálfboðaliða úrröðum félagsmanna og er það óskokkar að við getum reitt okkur á þá aðstoð meðan á mótinu stendur.

Við þökkum starfsmönnum og nefndarmönnum fyrir mjög ánægjulegt samstarf á árinu. Einnig þökkum við klúbbmeðlimum og foreldrum yngri iðkenda fyrir ánægjuleg kynni og samstarf á árinu.

Áfram GKG!

f.h. Íþróttasviðs,

Úlfar Jónsson

Íþróttastjóri

Gunnar Jónsson

Formaður Íþróttanefndar

Yfirlit árangurs GKG kylfinga í mótariðum GSÍ 2013

Meistaraflokkar

Klúbbmeistari kvenna 2013

Ragna Björk Ólafsdóttir

Klúbbmeistari karla 2013

Alfreð Brynjar Kristinsson

Sæti	Eimskipsmótaröðin
1.	Birgir Leifur Hafþórsson, Íslandsmótið í högggleik í GR-Korpu
2.	Birgir Leifur Hafþórsson, Síamótið í GKG
2.	Aron Snær Júlíusson, Nettó mótið í GS
3.	Alfreð Brynjar Kristinsson, Síamótið í GKG
3.	Guðjón Henning, Íslandsmótið í holukeppni í GB
3.	Ragnar Már Garðarsson, Securitas mótið í GV
1.	Sveitakeppni GSÍ 1. deild kvenna (Íslandsmeistaratitill) Gunnhildur Kristjánsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir, Ingunn Einarsdóttir, Hansína Þorkeldsdóttir, Hulda Birna Baldursdóttir, María Guðnadóttir, Ragna Björk Ólafsdóttir, Særós Eva Óskarsdóttir.
2.	Sveitakeppni GSÍ 1. deild karla Alfreð Kristinsson, Aron Snær Júlíusson, Birgir Leifur Hafþórsson, Egill Ragnar Gunnarsson, Emil Þór Ragnarsson, Guðjón Henning Hilmarsson, Ragnar Már Garðarsson, Sigmundur Einar Másson.

Þátttaka GKG kylfinga í KPMG Bikarnum

Alfreð Kristinsson, Aron Snær Júlíusson, Gunnhildur Kristjánsdóttir, Kristófer Orri Þórðarson, Óðinn Þór Ríkharðsson, Ragna Björk Ólafsdóttir, Sigmundur Einar Másson, Særós Eva Óskarsdóttir.

GKG kylfingar í Afrekshópi GSÍ

Alfreð Kristinsson, Aron Snær Júlíusson, Birgir Leifur Hafþórsson, Emil Þór Ragnarsson, Egill Ragnar Gunnarsson, Guðjón Henning Hilmarsson, Gunnhildur Kristjánsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir, Óðinn Þór Ríkharðsson, Ragnar Már Garðarsson, Særós Eva Óskarsdóttir.

Landsliðsþátttaka (karla- og kvennalandslið)

Ragnar Már Garðarsson – EM Challenge Trophy í Tékklandi
Karlalandsliðið hafnaði í 2. sæti og tryggði sér þátttökurétt á EM landsliða 2014.

8. European Ladies Club Trophy, Búlgaría. Gunnhildur Kristjánsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir, Ragna Björk Ólafsdóttir. Þátttökuréttur vinnst með sigri í Sveitakeppni GSÍ. Alls tóku 15 þjóðir þátt.

Unglingar U18

Íslandsbanka mótarið GSÍ

Flokkur 17-18 ára pílta

Aron Snær Júlíusson

1. sæti Stigamót 1 í GP

1. sæti Stigamót 4 í GKJ

1. sæti Stigamót 5 í GA

2. sæti Íslandsmót í holukeppni í GKG

2. sæti Stigamót 2 í GHR

2. sæti Íslandsmót í holukeppni

Valinn efnilegasti kylfingur pílta af Afreksnefnd GSÍ.

Ragnar Már Garðarsson

1. sæti Stigamót 2 í GHR

1. sæti Íslandsmót í holukeppni í GKG

3. sæti Stigamót 1 í GP

3. sæti Stigamót 4 í GKJ

Egill Ragnar Gunnarsson

1. sæti Stigamót 7 í GR

2. sæti Stigamót 1 í GP

2. sæti Íslandsmót í högggleik í GS

3. sæti Stigamót 5 í GA

Flokkur 17-18 ára stúlkna

Gunnhildur Kristjánsdóttir

1. sæti Stigamót 1 í GP

1. sæti Stigamót 2 í GHR

2. sæti Íslandsmót í holukeppni í GKG

2. sæti Íslandsmót í högggleik í GS

2. sæti Stigamót 5 í GA

2. sæti Stigamót 7 í GR

3. sæti Stigamót 4 í GKJ

Valin efnilegasti kylfingur stúlkna af Afreksnefnd GSÍ.°

Særós Eva Óskarsdóttir

1. sæti Stigamót 5 í GA

1. sæti Stigamót 7 í GR

2. sæti Stigamót 1 í GP

2. sæti Stigamót 4 í GKJ

3. sæti Stigamót 2 í GHR



Velkomin í Kópavog

lifandi menning allt árið um kring

BÓKASAFN KÓPAVOGS | Hamraborg 6a | Sími 570 0450 | bokasafnkopavogs.is

GERÐARSAFN | Hamraborg 4 | Sími 570 0440 | Frítt inn á miðvikudögum, lokað mánudaga | gerdarsafn.is

TÓNLISTARSAFN ÍSLANDS | Hábraut 2 | Sími 570 1693 | tonlistarsafn.is

SALURINN TÓNLISTARHÚS | Hamraborg 6 | Miðasala 5 700 400 | Fjölbreytt dagskrá | salurinn.is

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFA KÓPAVOGS | Hamraborg 6a | Sími 570 0430 | Aðgangur ókeypis | natkop.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

ÍÞRÓTTASVIÐ

Flokkur 15-16 ára drengja

Óðinn Þór Ríkharðsson

1. sæti Stigamót 1 í GP

1. sæti Stigamót 7 í GR

2. sæti Íslandsmót í holukeppni í GKG

Kristófer Orri Þórðarson

2. sæti Stigamót 5 í GA

2. sæti Íslandsmót í högggleik í GS

3. sæti Stigamót 2 í GHR

Flokkur 14 ára og yngri drengja

Sigurður Arnar Garðarsson

3. sæti Stigamót 2 í GHR

3. sæti Íslandsmót í högggleik í GS

Bragi Aðalsteinsson

1. sæti Stigamót 5 í GA

3. sæti Stigamót 4 í GKJ

Ingi Rúnar Birgisson

3. sæti Stigamót 7 í GR

Sveitakeppni unglunga

2. sæti Sveitakeppni GSÍ 15 ára og yngri drengja á Hellishólum

2. sæti Sveitakeppni GSÍ 16-18 ára piltar á Hellu

Landsliðsþátttaka

(Unglingalandslið: keppendur sendir á vegum GSÍ):

Aron Snær Júlíusson – Duke of York Young Champions í Englandi;

EM Challenge trophy piltar í Slóvakíu

Egill Ragnar Gunnarsson – EM Challenge trophy piltar í Slóvakíu

Óðinn Þór Ríkharðsson – Finnish Junior Championship í Finnlandi

Stigalisti Íslandsbanka mótaraðar

- sæti Aron Snær Júlíusson 17-18 ára piltar
- sæti Gunnhildur Kristjánsdóttir 17-18 ára stúlkur
- sæti Egill Ragnar Gunnarsson 17-18 ára piltar
- sæti Særós Eva Óskarsdóttir 17-18 ára stúlkur
- sæti Óðinn Þór Ríkharðsson 15-16 ára piltar

Áskorendamótaröð unglunga

Flokkur 14 ára og yngri drengja

2. Magnús Friðrik Helgason Mót 3 í GSE

3. Róbert Þrastarson Mót 1 í GG

3. Gunnar Þór Ásgeirsson Mót 4 í GHD

Flokkur 14 ára og yngri stúlkna

3. Eva María Gestsdóttir Mót 4 í GHD

Flokkur 15-16 ára drengja

2. Ragnar Áki Ragnarsson Stigamót 3 í GSE

Sæti Flokkur 17-18 ára piltar

3. Jökull Sciöth Mót 3 í GSE

Öldungar

Sæti Nafn og flokkur

1. Þorsteinn Reynir Þórsson, LEK mót karlar 50-54, GL

1. Þorsteinn Reynir Þórsson, LEK mót karlar 50-54, GHR

2. Kjartan Guðjónsson, LEK mót karlar 70+ GF

1. María Málfríður, LEK mót Konur 50+ GR

1. María Málfríður Guðnadóttir, LEK Konur 50+ GF

2. María Málfríður Guðnadóttir, LEK Konur 50+ GKJ

2. María Málfríður Guðnadóttir, LEK Konur 50+ GG

2. María Málfríður Guðnadóttir, Eldri kylfingamót GK

konur 50+

2. María Málfríður Guðnadóttir, Íslandsmót eldri kylfinga

Konur 50+ GHR

3. Bergljót Kristinsdóttir, LEK mót Konur 50+ GR

3. Ásgeir Hjálmar Sigurðsson, LEK karlar 70+ GKJ

1. Helgi Róbert Þórisson, Íslandsmót 35 ára og eldri 2. fl.

karla. GPH

2. Hulda Birna Baldursdóttir, Íslandsmót 35 ára og eldri 1. fl.

kvenna. GPH

3. Hanna Bára Guðjónsdóttir, Íslandsmót 35 ára og eldri 2. fl.

kvenna. GPH

3. Elísabet Böðvarsdóttir, Íslandsmót 35 ára og eldri 3. fl.

kvenna. GPH

Sveitakeppni öldunga

4. Öldungar GKG karla. Andrés I. Guðmundsson,

Guðlaugur Kristjánsson, Gunnar Árnason, Hilmar Guðjónsson,

Hlöðver Sigurgeir Guðnason og Tómas Jónsson. Liðsstjóri: Gunnar

Árnason.

4. Öldungasveit GKG kvenna. Áslaug Sigurðardóttir,

Bergljót Kristinsdóttir, Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir, Jónína

Pálsdóttir, María Málfríður Guðnadóttir og Sigríður Olgeirsdóttir.

Liðsstjóri: María Málfríður Guðnadóttir

Landsliðsþátttaka öldunga á vegum GSÍ/LEK

María Málfríður Guðnadóttir, EM kvenna, Senior Ladies (EGA) Bled, Slóveníu.

Bergljót Kristinsdóttir, EM kvenna, Senior Ladies (EGA) Bled, Slóveníu.

Gunnar Árnason, EM öldunga karla (ESGA) 55 ára og eldri með

forgjöf, Aþenu, Grikklandi.

896 0700

896 0567

www.gunnarsholmi.is



Gras er
okkar fag





Mótanefnd 2013

Mótanefndin kom að skipulagningu og vinnu á vel yfir 20 mótadögum og lætur nærri að samtals hafi mótanefndin varið nærri 2000 tímum vegna mótanna í sjálfbærliðsvinnu. Það voru nokkur stór og umfangsmikil mót sem náðu yfir fleiri en einn dag, þar af tvö GSÍ mót sem náðu yfir 3 daga hvort. Mótaskrá GKG má sjá á næstu síðu.

Stærsti viðburður ársins er alltaf meistaramót klúbbsins. Það var haldið 7.-13. júlí og skráðu sig 388 manns til leiks en það er fjölgun um 9 milli ára eða rúmlega 2%. Sama fyrirkomulag var á flokkaskiptingu og fjölda keppnisdaga í hverjum flokki og á síðasta ári og virkaði það ágætlega. Veðrið var ekki alveg upp á sitt besta en engar tafir urðu á mótinu.

Margir hafa lagt hönd á plóginn til þess að sem best tækist til með mótahald í sumar. Mótanefndin var vel mönnuð og er það nauðsynlegt til að dreifa álaginu sem best milli fólks. Það voru 23 virkir þátttakendur í nefndinni og voru þeir eftirfarandi: Bergsveinn Þórarinsson (landsdómari), Björn Steinar Stefánsson,

Einar Gunnar Guðmundsson, Einar Vignir Hansson, Guðjón Kolbeinsson, Gunnar Árnason, Hafþór Jónsson, Haukur Hermannsson, Heimir Jón Guðjónsson (héraðsdómari), Hlökkver Sigurgeir Guðnason, Hjalti Rúnar Sigurðsson (héraðsdómari), Jón K. Baldursson (héraðsdómari), Jónína Pálsdóttir, Kjartan Bjarnason (alþjóðadómari), Kolbrún Stefánsdóttir, Kristján Björgvinsson, Ólafur Arnar Kristjánsson, Ólöf Ásgeirsdóttir, Pétur Örn Guðmundsson, Rósa Margrét Sigursteinsdóttir (héraðsdómari), Sigurjón Sigurjónsson, Sverrir Helgi Jónsson, Sæmundur Melstað (alþjóðadómari) og Þorgrímur Björnsson (landsdómari). Einnig störfuðu með nefndinni Þorgerður Jóhannsdóttir, Atli Ágústsson, héraðsdómaramir Guðlaugur Kristjánsson og Helgi Már Halldórsson auk þó nokkurra ónefndra félagsmanna á stærstu mótunum sem ber að þakka. Mótanefndin vill þakka fyrir mjög gott samstarf við starfsmenn GKG, starfsfólk veitingasölunnar og öllum þeim sem komu að mótum GKG í sumar með einhverjum hætti.

Öllu mótanefndarfólki eru færðar þakkir fyrir fórnúst og óeigingjart starf og gott samstarf á árinu. Jón K. Baldursson, formaður mótanefndar.

Mótaskrá GKG 2013

- 18.05.13 Opna Atlantsolíu mótið
28.05.13 Níu holu þriðjudagsmót kvenna
31.05.13 Grunnskólamót kennara RVK og starfsmanna.
01.06.13 Fótbolti.net
07.06.13 Góðgerðarmót Kiwaniskl. Eldeyjar
09.06.13 Undankeppni holukeppni GKG
11.06.13 Vinkvennamót GKG og GO
12.06.13 V-Sport mótaröðin (1)
14.06.13 Íslandsbankamótaröðin (3) - Íslandsmót í holukeppni
19.06.13 PGA ProAm
19.06.13 PGA Meistaramót 2. umferð
20.06.13 V-Sport mótaröðin (2)
20.06.13 Mix mótaröðin (1)
21.06.13 Opið sólstöðumót kvenna
22.06.13 Háforgjafarmót GKG
29.06.13 Intersport Open
03.07.13 V-Sport mótaröðin (3)
04.07.13 Mix mótaröðin (2)
06.07.13 Niðjamót GKG
07.07.13 Meistaramót GKG 2013
07.07.13 Meistaramót GKG 12 ára og yngri
07.07.13 Meistaramót GKG 13-14 ára
17.07.13 V-Sport mótaröðin (4)
18.07.13 Mix mótaröðin (3)
23.07.13 Þriðjudagsmót kvenna
31.07.13 V-Sport mótaröðin (5)
05.08.13 Opna Gull mótið
07.08.13 V-Sport mótaröðin (6)
08.08.13 Mix mótaröðin (4)
09.08.13 Eimskipsmótaröðin (5) - Síma mótið
13.08.13 Firmakeppni unglिंगastarfs GKG
18.08.13 HK open
24.08.13 Stella Open
25.08.13 Golfmót Samfylkingarinnar
27.08.13 Hatta- og kjólamót, Mýrin
03.09.13 GSÍ - Forskot Afrekssjóður
07.09.13 Minningarmót - Styrktarmót íþrótta- og afrekssviðs GKG
08.09.13 Lokamót kvennanefndar
12.10.13 Bændaglíma GKG 2013





WT3 GPS úr

- Gefur upp lengdir í hindranir
- Gefur fjarlægð inná miðja flöt, að flöt og aftast
- Stafrænn flatarvísir
- Flagg staðsett
- GPS göngumælir
- Stafrænt skorkort
- Mælir högg lengd
- Finnur golfvöll og brautir sjálfvirk
- Frír aðgangur að 37.000+ völlum
- Mini USB tengi (fyrir hleðslu og uppfærslu)
- 1,26 tommu skjár (144x168 pixlar)
- Batterí: 300 mAh, hleðslubatterí
- Batterí ending: 8 tímar í leik
50 dagar sem úr
- Geymslupláss: 40.000 vellir
- Vatnsheldni: IPX7 staðall (allt að einn meter)
- Þyngd: 73 grömm




Öflugastir í barna- og unglिंगastarfi

Uppgangur Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar (GKG) hefur verið mikill undanfarin ár og hefur fjöldi félaga aukist og er klúbburinn núna sá annar stærsti á landinu. Enginn klúbbur á Íslandi er með öflugra eða fjölmennara barna- og unglिंगastarf (sjá mynd) og er afrekstefnan að skila sér í því að hróður íþróttafélagsins hefur aukist

verulega og erum við meðal annars Íslandsmeistarar karla árið 2012, Íslandsmeistarar kvenna 2013 og unglिंगarnir okkar hafa unnið fjölda móta. Þar þar hæst sigur Ragnars Más Garðarsonar á Duke of York mótinu sem er einskona heimsmestaramót unglिंगa því þar er landsmeisturum hvers lands eingöngu boðin þátttaka. Birgir Leifur Hafþórsson er jafnframt sá kylfingur sem náð hefur lengst á Íslandi, er Íslandsmeistari í högguleik 2013 og hefur meðal annars unnið sér keppnisrétt á PGA mótaraðinni í Evrópu.

Skráðir félagar - 15 ára og yngri



Í ofangreindu sökkjariti má sjá iðkendafjölda 11 stærstu golfklúbba á Íslandi. Það er athyglisvert að GKG eitt og sér er nánast með sama iðkendafjölda og GR (Reykjavík), GK (Hafnarfjörður), GKj (Mosfellsbær) og Oddur (Garðabær) samanlagt. Það eru 67

unglingar (16-18 ára) sem stunda íþróttina hjá GKG auk um 500 barna sem fara í gegnum golfleikjanámskeiðin. Það eru því um 900 börn og unglिंगar sem stunda íþróttina með einum eða öðrum hætti hjá GKG!

Vallarnefnd 2012–2013

Skipan Vallarnefndar:
 Símon Kristjánsson formaður
 Andrés I. Guðmundsson
 Eðvald Geirsson
 Guðmundur Á. Gunnarsson
 Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir
 Ottó Sigurðsson.

Skipan Trjáræktarnefndar:
 Eðvald Geirsson
 Gísli Guðbjartsson
 Guðmundur Ólafsson
 Gunnlaugur Sigurðsson
 Ingólfur Hansen
 Ólafur Nilsson.

Fundir á starfsárinu

Vallarnefnd hélt 10 bókaða fundi á starfsárinu. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja framkvæmdir og umhirðu golfsvæðis GKG í samstarfi við vallarstjóra, sem er einn nefndarmanna. Aðalmarkmið 2013 var að ljúka stærri verkum vegna undirbúnings

fyrir Íslandsmótið í höggleik 2014. Helstu framkvæmdir koma fram í ársskýrslu vallarstjóra. Við náðum merktum áfanga á árinu og teljum okkur vera búin að malbika þá stíga sem verða malbikaðir á golfsvæði GKG. Við sjáum fram á að geta einbeitt okkur enn frekar að snyrtingu á golfvallarsvæðinu næstu árin með hjálp félagsmanna GKG. Golfaðstaða GKG er orðin ein sú glæsilegasta á landinu. 18 holu Leirdalsvöllur og 9 holu völlum í Vetrarmýri.

Trjáræktarnefnd er undirnefnd vallarnefndar og hefur nefndin unnið frábært starf með endurreisn á holukeppni GKG og skipulagningu á vinnudögum við gróðursetningu og snyrtingu. Félagar í GKG mættu vera duglegri að mæta á þessa vinnudaga.

Annars vísa ég í ársskýrslu vallarstjóra sem er hér fyrir neðan og ársskýrslu trjáræktarnefndar.

Ég vil þakka öllu starfsfólki vallarins fyrir gott starf á liðnu starfsári og sérstaklega Guðmundi Á. Gunnarssyni vallarstjóra sem stýrir starfinu af miklum áhuga. Loks þakka ég meðnefndarmönnum mínum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á þessu starfsári.

Símon Kristjánsson,
 formaður vallarnefndar.

**FORELDRAR ATHUGIÐ**

Hvatapeningar 2013 fyrnast um áramótin!

Öll börn í Garðabæ á aldrinum 5-18 ára fá 27.500 krónur í hvatapeninga til íþrótt- og æskulýðsstarfs á árinu 2013. Hvatapeninga 2013 þarf að nýta fyrir áramót.

Upplýsingar um hvatapeninga veitir þjónustuver Garðabæjar í síma 525 8500.

Náðu í hvatapeningana

STRAX

Ekki lenda
 í biðröð



GARÐABÆR

Ársskýrsla vallaarstjóra 2013

Golfvellir GKG komu frekar seint til þetta árið og þá aðallega vegna þess hversu kalt vorið var. Vellirnir voru þó opnaðir 11. maí og var síðan lokað aftur þann 22. október. Golfvertiðin 2013 hjá GKG varð því 165 dagar.

Veðrið í sumar var með nokkuð öðru móti en við höfum vanist undanfarin ár, mikið rigndi og sumarið var frekar svalt. Það var þó jákvæður punktur við veðurfar sumarsins, einkum rigninguna, að mikið af nýlögðu torfi víða um vellina naut góðs af, lítið þurfti að vökva og lítil sem engin afföll urðu af torfinu.

Vinnudagur var haldinn 10. maí og helstu verkefni voru að hreinsa rusl af vellinum og úr umhverfi hans, en einnig voru trjáplöntur færðar til í Leirdalnum. Milli 25 og 30 manns mættu og tóku til hendinni og vill vallaarstjóri þakka þeim sem lögðu hönd á plóg fyrir gott framtak við að gera völlinn snyrtilegri.

Tækjakaup

Í vor festi klúbburinn kaup á nýrri flatasláttuvél af gerðinni Jacobsen Eclipse 322 sem er hágæða sláttuvél og sú eina á markaðnum sem ekki notar glussaolíu til aksturs og sláttar. Við þurfum því ekki að horfa upp á afleiðingar glussaslysa á flötum okkar í bráð, sem er mikill léttir. Þá má nefna að GKG hefur lagt inn pöntun á nýrri kargasláttuvél, Toro Groundmaster 4500D, sem kemur í gagnið á vormánuðum 2014. Ljóst er að á næstu árum er framundan enn frekari endurnýjun á vélum og tækjum.

Framkvæmdir

Árið 2013 var með þeim stærrí í sögu GKG hvað varðar ýmsar framkvæmdir á golfvöllum og hér er listi yfir þær helstu á árinu:

- Malbikun á stígum um 2.000 m.
- Frágangur og tyrfing meðfram stígum um 4.000 m, ásamt tyrfingu á ýmsum hólum og nokkrum stærrí svæðum.
- Ný 8. flöt á Mýrinni var klárað og tekinn í notkun.
- Nýr teigur á 9. braut á Mýrinni var kláraður og tekinn í notkun.
- Manir voru byggðar upp meðfram höggæfingasvæði og sáð í þær.
- Teigur á 15. braut á Leirdalsvelli var endurgerður og stækkaður til muna.
- Smíðuð voru 4 skotmörk sem sett voru niður á höggæfingasvæði og einnig 5 minni skotmörk á æfingasvæðinu vestan Vetrarbrautar.
- Klárað að skipta um jarðveg í plani við áhaldahús og malbika það.
- Hólminn í tjörninni við 7. braut á Leirdalsvelli var tekinn í gegn og gróðursett í hann í samvinnu við Garðyrkjustjóra Kópavogs.
- Mikil vinna var lögð í snyrtingu í kringum tré og beð vallaarins.
- Settur upp og mældur út stuttur völlur á Mýrinni fyrir yngstu kylfingana og sett niður fastmerki fyrir þá teiga (gullteiga).
- Mörg tré gróðursett, bæði af starfsmönnum GKG og trjáræktarnefnd.
- Staðsteyptir staurar fyrir rusladalla og boltapvottavélar.
- Forflatir endurgerðar á 1. og 14. braut á Leirdalsvelli og jafnframt einnig gerð ný glompa í hólum hægra megin við flötina á 14 braut.
- Tré gróðursett í stóru beði meðfram teigum á 7. braut í Leirdal í samvinnu við Garðyrkjustjóra Kópavogs.
- Þvottaplan var gert við áhaldahús til vélaþrifa.
- Glompu lokað við fyrrverandi 8. flöt á Mýrinni, núverandi vippflöt.
- Unnið að hreinsun úr skurðum.
- Svæði hægra megin við 9. flöt á Leirdalsvelli lagað.

Eins og sjá má af þessum lista, sem reyndar er ekki tæmandi, þá var margt gert á golfvallarsvæðinu í sumar til endurbóta, viðhalds og snyrtingar.

Árið 2014 verður stórt ár í sögu GKG. Golfklúbburinn á þá 20 ára afmæli og Íslandsmeistaramót í högggleik verður haldið í fyrsta skipti á golfvelli félagsins. Það er heiður fyrir GKG og unnið hefur verið að því í nokkur ár að gera völlinn sem bestan og fallegastan til að takast á við þennan áfanga með sóma.

Þegar það varð ljóst fyrir nokkrum árum að GKG héldi Íslandsmeistaramótið í högggleik sumarið 2014 var fljótlega tekinn saman listi yfir hvað mætti og þyrfti gera til að bæta golfvöllinn. Að því verki komu vallaarnefnd og vallaarstjóri og einnig tóku nokkrir af okkar fremstu kylfingum saman góða skýrslu um hvað betur mætti fara frá sjónarhóli keppenda. Megin markmiðið var síðan að klára allar stærrí framkvæmdir á árinu 2013 þannig að engin nýtyrfð svæði sjáist í útsendingum sjónvarps frá mótinu. Þetta hefur nokkurn veginn gengið eftir og vorið og sumarið 2014 fara svo í að snyrta og setja völlinn í sparifötin.

Starfsmannahald

Þrír heilsársstarfsmenn vinna við golfvelli GKG. Guðmundur Árni Gunnarsson vallaarstjóri, Axel Rúnarsson aðstoðarvallaarstjóri og Hafsteinn Eyvindsson vélvirki, sem sér um allt vélavíðhald og rekstur verkstæðis GKG.

Í sumar náði starfsmannafjöldi GKG nýjum hæðum, því þegar mest var voru alls 46 starfsmenn að störfum við vellina. Skýring á því er að mjög margt starfsfólk kom frá báðum bæjarfélögum, frá Kópavogi komu 23 starfsmenn og 13 frá Garðabæ. Þakka ber báðum sveitarfélögum fyrir þennan góða stuðning.

Vallaarstjóri vill þakka öllum þeim starfsmönnum sem störfuðu við framkvæmdir og umhirðu Vífilsstaðavallar í sumar fyrir góð störf.

Lokaorð

Golfsumarsins 2013 verður líklega minnst fyrir frekar svalt veður og vætutið. Með allri rigningunni í sumar tóku sig upp gömul bleytuvandamál á lægstu svæðunum í Vetrarmýrinni sem illa hefur gengið að ræsa fram í áruna rás. Veturinn verður notaður til að reyna að vinna á þeim vandamálum og koma drenmálum þar í eins gott lag og kostur er á.

Það bar töluvert á því í sumar að kylfingar væru ekki nógu duglegir að gera við kylfu- og boltaför sín á brautum og flötum. Sem er mjög miður því það kemur mjög niður á ásýnd og gæðum golfvallarins. Enn og aftur þarf því að taka vel á því að kylfingar gangi vel um vellina, lagi til eftir sig, séu með flatargaflana í vasanum og noti þá til að gera við boltaför.

Að lokum vill ég þakka framkvæmdarstjóra, vallaarnefnd, trjáræktarnefnd og stjórn GKG fyrir frábært samstarf á árinu. Framundan er mjög spennandi ár í sögu GKG og verður gaman að takast á við það.

Guðmundur Árni Gunnarsson,
vallaarstjóri GKG.





Störf trjáræktarnefndar starfsárið 2013

Trjáræktarnefnd ásamt nokkrum áhugasömum félögum í klúbbnum vann að gróðursetningu og tiltekt á vellinum í vor. Einkum var unnið við snyrtingu og klippingu á trjám og runnum. Dauð og löskuð tré voru fjarægð og ný gróðursett í staðinn.

Skógræktarfélag Garðabæjargafklúbbnum um 30 fallleggrenitrésem gróðursett voru hægra megin á 13. braut. Enn á eftir að gróðursetja þar um 30 tré til þess að ljúka verkinu. Stefnt er að því að ljúka því næsta vor.

Allmargar aspir voru fluttar úr birkilundinum á milli 8. og 9. brautar í Leirdal og gróðursett á milli 7. og 10. brautar í Leirdal.

Unnið var að nokkrum öðrum verkefnum víðs vegar á vallarsvæðinu. Vinnudagarnir í maí voru samtals fjórir. Yfirleitt voru um 6-10 félagar

að störfum alla dagana í um 2-3 klst. hverju sinni.

Því miður varð ekkert úr vinnu trjáræktarmanna á vellinum í október eins og mörg síðastliðin haust.

Nefndin átti sem áður ágætt samstarf við vallarstjóra og hans menn sem unnu mikið að gróðursetningu víðs vegar á vellinum í sumar.

Í trjáræktarnefnd eru: Eðvald Geirsson, Gísli Guðbjartsson, Guðmundur Ólafsson, Gunnlaugur Sigurðsson, Ingólfur Hansen og Ólafur Nilsson.

Nefndin hvetur áhugasama félagatilað leggja nefndinni lið næsta vor með því að gefa sig fram við skrifstofu GKG og gefa upp nafn, síma og póstfang. Þá munu nefndarmenn hafa samband við þá.

Mörg áhugaverkefni bíða næsta árs og ára við trjárækt á vallarsvæðinu.

F.h. trjáræktarnefndar, Guðmundur og Gunnlaugur.

Jötunn Vélar óskar GKG til hamingju með nýju TORO GM4500 sláttuvélina



TORO. Count on it.



Það heyrir til undantekninga að aganefnd GKG berist erindi og er hún því sjaldan kölluð saman. Það bar þó við sumarið 2012 að henni barst kæra.

Þann 7. ágúst 2012 barst aganefnd kæra frá GKG vegna atviks sem átti sér stað á æfingasvæði GKG þann 6. ágúst 2012. Í kæru er kærða gefið að sök að hafa vísitandi skapað hættu fyrir iðkendur á æfingasvæði með því að slá golfbolta viljandi að skýli því sem þeir voru í við æfingar.

Í framhaldi af því var aganefnd kölluð saman. Formaður nefndarinnar Kjartan Bjarnason, alþjóðadómari, fékk þá Sæmund Melstað, alþjóðadómara, Bergsvein Þórarinsson, landsdómara og Þorgrím Björnsson, landsdómara, til að taka á málinu með sér.

Nefndin fundaði nokkrum sinnum vegna málsins síðastliðinn vetur og aflaði upplýsinga um málið og kannaði fordæmi annarra aganefnda. Í stuttu máli þá kom í ljós að þetta mál var fordæma laust og þurfti nefndin því að vanda gagnaöflun og úrskurð.

Kærða var sent bréf og honum gefinn kostur á að skila inn greinagerð vegna málsins sem hann gerði.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt lögum GKG ber aganefnd að taka kærur sem þessar til meðferðar og sér aganefnd engan ágalla á málinu sem hindrað gæti fyrirtöku hennar. Það er ljóst samkvæmt golfreglum sem í gildi eru, að öllum iðkendum beri að sýna af sér almenna viðringu og kurteisni gagnvart öllum sem íþróttina stunda. Þó lýsing málsaðila sé ekki að

öllu leiti sambærileg um atburðarásina, er óumdeilt að ákærði hafi slegið golfbolta vísitandi í átt að iðkendum á æfingasvæði og með því skapað hættu fyrir þá sem þar voru við æfingar. Þetta viðurkennir ákærði í sínu svari til aganefndar.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða aganefndar að háttsemi kærða hafi verið ámælisverð. Þykja hæfileg viðurlög vera afnotabann og keppnisbann á svæði GKG í 4 vikur á formlegum sumaropnunartíma golfvalla GKG. Þar sem umfjöllun aganefndar hefur tekið lengri tíma en réttlæta má og kærði njóti því ekki sanngjarnrar málsmeðferðar með því að úrskurða kærða í bann frá úrskurðardegi, sérstaklega þar sem nýtt golfár er hafið með innheimtu félgasgjalda og kærða því gerð aukin refsing með því að setja hann í umrætt bann frá úrskurðardegi. Af þeim sökum telur aganefnd sanngjarn og eðlilegt að áminna kæra en skilyrða áminninguna til kærða þannig að hún breytist í 4 vikna æfinga- og afnotabann, eins og að framan greinir, á golfsvæði GKG ef kærði gerist sekur um agabrot, að mati aganefndar, innan 12 mánaða frá dagsetningu þessa úrskurðar.

Úrskurður

Kærði er áminntur. Áminningin skal breytast í 4 vikna afnota- og keppnisbann á svæði GKG á sumaropnunartíma golfvalla GKG gerist kærði sekur um agabrot innan 12 mánaða frá dagsetningu þessa úrskurðar.



FJÁRÖFLUNARNEFND

Nefndin fékk til sín valinkunna menn til að vinna að greiningarvinnu fyrir klúbbinn. Þeir aðilar voru Ottó Sigurðsson, Gunnar Páll Þórisson, Þórður Már Jóhannesson, Guðmundur Árni Gunnarsson, Úlfar Jónsson og Agnar Már Jónsson. Niðurstaðan úr þeirri vinnu var notuð til að sækja nýja samninga sem og endurnýja þá samninga sem fyrir voru.

Stór samningur var gerður við Ölgerðina og var nöfnum barna- og unglíngamótaraða klúbbsins breytt í kjölfarið í Mix mótaraðina og V-Power mótaraðina. Þá voru sett upp skotmörk á æfingasvæði vestan Vetrarbrautar merkt afurðum Ölgerðarinnar.

Gerður var samningur við Samskip og Jóna transport og voru stórum skotmörkum komið fyrir á æfingasvæði merkt þeim fyrirtækjum.

Nefndin fékk Tómas Sigurðsson á vormánuðum til að markaðsetja fjölskyldudaga til fyrirtækja. Mikill áhugi var á því verkefni meðal stærri fyrirtækja en slæmt veður varð til þess að þessi nýbreytni gekk ekki eftir. Þá stóð nefndin fyrir opnu húsi á meðan Masters mótið fór fram, skapaðist góð stemning í klúbbhúsinu, má búast við fleiri slíkum kvöldum á komandi ári.

Nefndin vill hvetja sem flesta félagsmenn til að aðstoða við fjáröflun á komandi ári, því margsannað er að margar hendur vinna létt verk.

Fjáröflunarnefndin vill þakka öllum styrktar og auglýsingaaðilum klúbbsins gott samstarf á árinu sem er að líða og vonast að sjálfsögðu eftir áframhaldandi samstarfi á því nýja.

Einar Gunnar Guðmundsson, nefndarformaður.

„Viltu hraðari eignamyndun eða léttari greiðslubyrði?“

Vigdís Björk Ásgeirsdóttir
fjármálaráðgjafi

MEÐ GÓÐRI RÁÐGJÖF FINNUR ÞÚ BESTA KOSTINN

Hjá Arion banka standa þér til boða mismunandi lánaform sem hafa ólík áhrif á eignamyndun og greiðslubyrði. Ráðgjafar okkar auðvelda þér að finna þá leið sem hentar þér best.

- ▶ Á arionbanki.is/ibudalausnir finnur þú myndbönd þar sem Vigdís og aðrir fjármálaráðgjafar Arion banka gefa góð ráð.

Áritun stjórnar á ársreikninginn

Stjórn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar staðfestir hér með ársreikning klúbbsins fyrir tímabilið 1. nóvember 2012 til 31. október 2013.

Garðabæ, 20. nóvember 2013

Jónmundur Pálmar
Síman Kufarsen
Einar Lárusson
Jón K. Baldursson
Gunnar M.
Hlaug Sigurdsson
Gunnar Jónsson
Bryndís Gunnarsdóttir
Kristinn Jónsson
Regína Sævarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar fyrir reikningsárið 1. nóvember 2012 til 31. október 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á reikningsárinu 1. nóvember 2012 til 31. október 2013, fjárhagsstöðu þess 31. október 2013 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög og góða reikningsskilaverju.

Reykjavík, 20. nóvember 2013

KPMG ehf.



Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar, höfum yfirfarið ársreikning þennan og er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggar upplýsingar um rekstur klúbbsins á reikningsárinu, fjárhagsstöðu hans í lok reikningsársins og um breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Reykjavík, 20. nóvember 2013



Rekstraryfirlit

1. nóvember 2012 til 31. október 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		126.010.260	121.207.610
Vallargjöld		8.402.030	10.115.650
Bolta- og kerruleiga		4.491.980	5.575.570
Tekjur af gollmótum		10.974.700	8.418.064
Rekstrarframlög og fyrirtækjasamningar		42.629.317	32.014.867
Sértækjur íþróttasviðs		10.095.450	10.292.466
Aðrar rekstrartekjur	6	4.556.866	3.456.438
		207.160.603	191.080.665
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	90.686.693	84.275.438
Skáli og áhaldahús	8	4.868.883	4.716.560
Golfvöllur og æfingarsvæði	9	49.281.953	45.913.205
Unglingastarf og almenn kennsla	10	2.209.082	1.008.205
Keppnisgolf og mótahald	11	10.685.502	13.795.154
Gjöld til GSÍ		6.862.800	6.292.000
Annar rekstrarkostnaður	12	9.959.327	9.727.523
Lóðarleiga		4.100.000	3.900.000
Afskriftir	4	12.179.551	12.810.887
		190.833.791	182.438.972
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		16.326.812	8.641.693
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		946.281	780.536
Vaxtagjöld og verðbætur		(1.965.206)	(1.687.338)
		(1.038.925)	(906.802)
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		15.287.887	7.734.891

Efnahagsreikningur 31. október 2013

	Skýr.	2013	2012
Eignir			
Golfvöllur		218.766.295	218.766.295
Golfskáli		19.497.515	25.648.405
Bífreidastæði og umhverfi		32.908.655	22.908.655
Vélar, tæki og áhöld		27.784.296	24.267.681
	Fastafjármunir 4	298.956.761	291.591.036
Vörubirgðir		852.501	658.000
Viðskiptakröfur		3.726.760	7.910.846
Handbært fé		5.107.955	288.969
	Veltufjármunir	9.687.216	8.857.815
	Eignir samtals	308.643.977	300.448.851
Eigið fé			
Eigið fé		302.890.264	287.602.377
	Eigið fé 5	302.890.264	287.602.377
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		0	1.431.798
Viðskiptaskuldir		1.671.083	2.837.349
Aðrar skammtímaskuldir		4.082.630	8.577.327
		5.753.713	12.846.474
	Skuldir	5.753.713	12.846.474
	Eigið fé og skuldir samtals	308.643.977	300.448.851

Sjóðstreymisyfirlit

1. nóvember 2012 til 31. október 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		15.287.887	7.734.891
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	(1.075.900)	0
Afskriftir	4	12.179.551	12.810.887
Veltufé frá rekstri		<u>26.391.538</u>	<u>20.545.778</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, hækkun	(194.501)	(318.000)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		4.184.086	(4.824.708)
Skammtímaskuldir, lækkun	(5.660.962)	376.723
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>(1.671.377)</u>	<u>(4.765.985)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>24.720.161</u>	<u>15.779.793</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(19.719.377)	(15.773.191)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		1.250.000	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(18.469.377)</u>	<u>(15.773.191)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting	(1.431.798)	9.868
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(1.431.798)</u>	<u>9.868</u>
Breyting á handbæru fé		4.818.986	16.470
Handbært fé í byrjun tímabils		288.969	272.499
Handbært fé í lok tímabils		5.107.955	288.969



Eftir að hafa verið hluti af fjölskyldunni í áraraðir vitum við að allt getur gerst

ÞESS VEGNA ER **F PLÚS** VINSÆLASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN Á ÍSLANDI

Best er auðvitað að fyrirbyggja slysin. En eins og við vitum eru nánast engin takmörk fyrir því óvænta sem getur komið upp á. F plús veitir víðtæka tryggingavernd sem sniðin er að

breytilegum þörfum fjölskyldunnar á hverjum tíma. Njóttum lífsins áhyggjulaus með F plús fjölskyldutryggingu.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS



GÆÐI Á GÓÐU VERÐI!

Fyrirtækjaþjónusta A4 býður mikið úrval skrifstofuvara. Við leggjum áherslu á góða og trausta þjónustu við viðskiptavini og erum stolt af því að geta boðið upp á heimspekt vörumerki á góðu verði, sem eiga það sameiginlegt að vera öll í háum gæðaflokki.

Þú færð ýtarlegar upplýsingar um vöruúrvalið og pantar vörur í nýrri vefverslun okkar á A4.is.

Pöntunum sem berast af höfuðborgarsvæðinu fyrir kl. 11.00 að morgni er ekið út samdægurs, annars næsta virka dag.

www.A4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is

A4 Skeifunni 17 / **A4** Smáratorgi 1 / **A4** Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / **A4** Miðvangi 13, Egilsstöðum / **A4** Austurvegi 65, Selfossi



Ragna Björk Ólafsdóttir

Alfreð Brynjar Kristinsson



Lokaorð

Þá er þessu starfsári að ljúka og er óhætt að segja að það hafi um margt verið viðburðarríkt. Eins og glöggst má sjá við lestur þessarar ársskýrslu er unnið mjög metnaðarfullt starf innan GKG. Þar koma margir að og vill stjórnin þakka þeim öllum fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Vitanlega mæðir mest á framkvæmdastjórnunum, Agnari Má Jónssyni, vallarstjórnunum Guðmundi Á. Gunnarssyni og Úlfari Jónssyni íþróttastjóra. Þessir þrír eru lykilmenn í öllum umsvifum GKG og vill stjórnin þakka þeim öllum sérstaklega fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Vellirnir okkar hafa tekið miklum stakkaskiptum á liðnum árum og s.l. sumar var mikil áhersla lögð á aukna snyrtingu þeirra og það kunnum við öll vel að meta.

Þessum þáttum verður haldið áfram og við erum staðráðin í að gera Leirdalsvöllinn eins góðan og mögulegt er og halda Íslandsmótið í högguleik á honum sumarið 2014 með bros á vör. Ég hef alltaftrúað því á hverjum aðalfundi að ný og glæsileg félagsaðstaða fyrir GKG muni rísa á næsta ári en nú er ég loks fullviss að við munum hefja byggingu á næsta ári.

Ég vil svo þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir gott samstarf svo og öllu starfsfólki GKG ásamt öllum félögum í klúbbnum og loks ekki síst öllum þeim mikla fjölda sem vinnur við þjálfun og starfar í nefndum á vegum GKG fyrir þeirra þátt í að gera klúbbinn okkar sem öflugastan.

Guðmundur Oddsson, formaður.

Jólagjöf

golfarans fæst í Hraunkoti



NÝJUNG

Búið er að opna jólagölvörverslun í Hraunkoti

Gölvörur á frábærum verðum frá FootJoy, ECCO, Ping, Titleist, ásamt öllu því helsta fyrir gölfð.

SILFUR

GJAFABRÉF

582 æfingaboltar
ásamt 4x50 mínútna
gölfkennslu hjá
gölfkennara
Hraunkots



hraunkot.is

Silfurgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem eru að læra undirstöðuatriði gölfleiksins. Gjafabréfið inniheldur fjóra gölftíma í 50 mín. hjá gölfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

Silfurgjafabréf kostar 26.000 kr.

GULL

GJAFABRÉF

582 æfingaboltar
ásamt 5x25 mínútna
gölfkennslu hjá
gölfkennara
Hraunkots



hraunkot.is

Gullgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem komnir eru að stað í gölf og vilja halda áfram á réttri braut. Gjafabréfið inniheldur fimm 25 mín. gölftíma hjá gölfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

Gullgjafabréf kostar 21.000 kr.

DEMANTS

GJAFABRÉF

3309 æfingaboltar
ásamt 2x25 mínútna
gölfkennslu hjá
gölfkennara
Hraunkots



hraunkot.is

Demantsgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir golfara sem vilja æfa sig og fá smá kennslu hjá gölfkennara. Gjafabréfið inniheldur tvo 25 mín. gölftíma hjá gölfkennara Hraunkots og boltamagn demantskorts.

Demantsgjafabréf kostar 24.000 kr.

PLATINU

GJAFABRÉF

1271 æfingabolti
ásamt 3x25 mínútna
gölfkennslu hjá
gölfkennara
Hraunkots



hraunkot.is

Platínugjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem vilja láta fínþússa sveifluna eða stutta spilið. Gjafabréfið inniheldur þrjú 25 mín. gölftíma hjá gölfkennara Hraunkots og boltamagn platínukorts.

Platínugjafabréf kostar 18.000 kr.

Gölfkennarar Hraunkots



Jóhann Hjalatason



Sigupáll Sveinsson



Björn Kristinn Björnsson



Ingi Rúnar Gíslason



Ólafur Jóhannesson



Björgvin Sigurbergsson

Hraunkot
Gölfæfingasmæði

Vinsælu gjafabréfin fást í Hraunkoti og á gjafatorg.is

Nánari upplýsingar í Hraunkoti í síma 565-3361 Gölfkennarar Hraunkots eru IPGA meðlimir



Svo allir fáí sitt...


Heilbriggt efnahagslíf byggist á góðu flæði fjármagns.

Við stuðlum að heilbrigðu efnahagslífi með því að gera viðskipti einföld, örugg og sanngjörn.

Því meiri viðskipti sem eiga sér stað, því betra fyrir þjóðfélagið, fyrirtæki og neytendur.

Við hjálpum báðum aðilum viðskiptasambands að eiga sanngjörn viðskipti og byggja þannig upp langtíma viðskiptasambönd sem skapa verðmæti fyrir alla aðila.

Motus - svo allir fáí sitt.



Niðurstaðan er sú að það er allra hagur að fjársteymi og viðskiptalífið virki sem best. Um það snýst Motus

motus
www.motus.is